

BORGARAVITUND UNGMENNA SKOÐUÐ Í LJÓSI UPPELDISSÝNAR FORELDRA ÞEIRRA

Mikilvægt er fyrir framtíð lýðræðissamfélaga að hlúa strax í æsku að borgaravitund barna og ungmenna, bæði góðum gildum og þátttöku í samfélaginu. Í þessari tilviksrannsókn var skoðað hvernig borgaravitund tveggja ungmenna endurspeglar uppeldissýn foreldra þeirra og gefa meginniðurstöður hennar til kynna skýra samsvörun þar á milli. Væganesti foreldranna var áhersla á nán samskipti sem einkenndust af umhyggju og stuðningi, djúpar samræður og gildismat þar sem vægi virðingar, skilnings, velferðar samborgara og samfélagsábyrgðar var mikið. Þá nefndu bæði foreldrarnir og ungmennin mikilvægi nokkurra óformlegra borgaralegra viðmiða, eins og að fylgja lögum, vera vinnusamur og koma vel fram við aðra. Gildi rannsóknarinnar liggur í vísbendingum um að foreldrar gegni mikilvægu hlutverki við að efla borgaravitund barna sinna. Til að styðja við borgaravitund ungmenna þurfa foreldrar að setja það í forgang í uppeldinu að rækta góð samskipti, hlúa að gildismati og gefa samræðu þar sem rædd eru ólík sjónarmið og lausnir fundnar aukið vægi.

Efnisorð: borgaravitund, ungmenni, foreldrar, gildi, samskipti

INNGANGUR

Borgaravitund ungmenna skiptir framtíð lýðræðissamfélaga miklu máli. Með hugtakinu er átt við „vitund fólks um hvað það merkir að vera samfélagsþegn eða borgari með þeim lýðréttindum, skyldum og ábyrgð sem því fylgir og endurspeglast í daglegu lífi þess“ (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 40). Borgaraleg viðhorf og hegðun fólks mótast í samspili fjölmargra þátta (Zaff, Hart, Flanagan, Youniss og Levine, 2010). Þessir þættir geta annars vegar snúið að einstaklingnum sjálfum, svo sem þekkingu hans og áhuga, og hins vegar að umhverfinu, svo sem viðhorfum og tíðaranda í samfélaginu, tækifærum til þátttöku og uppeldisháttum foreldra (Bronfenbrenner, 1994).

Borgaravitund ungmenna hafði lítt verið rannsökuð hér á landi fyrr en með rannsókninni *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi* (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011) og er tilviksrannsókn þessi hluti af þeirri rannsókn. Sjónum er hér beint að borgaravitund tveggja 15 ára ungmenna, stúlku og drengs, og uppeldissýn beggja foreldra þeirra. Með því að velja aðeins tvær fjölskyldur gefst færi á að kafa dýpra og skoða borgaraleg viðmið

ungmennanna í ljósi ýmissa þátta sem foreldrar þeirra leggja áherslu á í uppeldi þeirra. Skoðuð verður sýn þeirra á samskipti, gildi og góðan borgara. Með rannsókninni er vonast til að auka þekkingu á því hvernig og að hvaða marki borgaravitund ungmenna endurspeglar uppeldissýn foreldra þeirra. Niðurstöðurnar eru framlag til rannsókna á borgaravitund ungmenna, með því að auka skilning á hlutverki foreldra í að hlúa að borgaravitund barna sinna.

FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Hugtakið gildi vísar til verðmæta sem mannfólk sækist eftir (Páll Skúlason, 1990). Á unglingsárum standa einstaklingar frammi fyrir margvíslegum verkefnum og ákvörðunum sem geta skipt máli fyrir framtíðina. Gildi vísa þá veginn og leiðbeina um hvað sé eftirsóknarvert eða ósæskilegt (Rokeach, 1972) í heimi þar sem ótal valkostir standa fólki til boða. Í bók Sigrúnar Aðalbjarnardóttur, *Virðing og umhyggja* (2007), er gefið yfirlit yfir flokkun gilda. Sum gildi eru algild, eins og kærleikur, réttlæti og umhyggja, og eru óháð samfélögum og menningu. Önnur eru afstæð, eins og hjálpssemi, vinnusemi og dugnaður, og geta verið ólík milli menningarsvæða. Bæði algild og afstæð gildi geta verið af siðferðilegum toga og vísa þá til viðmiða um „réttá“ eða „ranga“ breytni, og er traust dæmi um slíkt gildi. Loks eru gildin frelsi, jafnrétti og systkinalag talin grunnur lýðræðislegs samfélags.

Þegar horft er til þess hvernig gildismat ungmenna þróast er mikilvægt að skoða hvernig hugmyndir þeirra um lífið og tilveruna verða til. Kenningar í anda hugsmíðahyggju lýsa því hvernig hugmyndir barna þróast í samspili við umhverfið (Piaget, 1932/1965; Vygotsky, 1978). Börn skapa merkingu úr reynslu sinni og auka þekkingu og skilning með nýjum upplifunum sem hjálpa þeim að móta veruleika sinn. Hið sama á við um þróun siðgæðis, en samkvæmt kenningu Kohlbergs (1984) þróar fólk hugmyndir sínar um sanngirni, hvað sé réttlátt og ranglátt, í samspili við umhverfið.

Foreldrar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lífi barna sinna og þau tileinka sér gjarnan ákveðin gildi og venjur frá foreldrum sínum (Barni og Knafo, 2012). Í uppeldinu er lagður grunnur að þeim þroska- og hæfnipáttum sem mikilvægt er að tileinka sér til að lifa farsælu lífi og eiga góð samskipti við annað fólk. Baumrind (1971) og Maccoby og Martin (1983) hafa beint sjónum að uppeldisháttum foreldra og skipt þeim í fjóra flokka: skipandi, leiðandi, eftirlátum og afskiptalausum. Leiðandi uppeldishættir einkennast af því að foreldrar sýna barninu mikla hlýju, stuðning og viðurkenningu, þeir setja skýr mörk, nota útskýringar, hlusta eftir sjónarmiðum barnsins og gera viðeigandi þroska-kröfur. Rannsóknir um allan heim gefa til kynna að leiðandi uppeldishættir séu heilla-vænlegastir fyrir velferð barna og ungmenna (Steinberg, 2001). Niðurstöður rannsókna Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2007, 2019) hér á landi hafa sýnt að leiðandi uppeldishættir hlúa að góðum tengslum við barnið, sem auka líkur á að barnið líti til foreldranna sem fyrirmynda, tileinki sér leiðsögn þeirra og gildi. Í rannsókn Hrundar Þórarinsdóttur og Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2010) sögðust foreldrar líta til gilda eins og kærleika, umhyggju, væntumþykju, virðingar og ábyrgðar í uppeldinu og feður lögðu einnig sérstaka áherslu á öryggi, frelsi, traust og heiðarleika (Hrund Þórarins Ingudóttir, 2015).

Ungmenni sem búa við stuðning, hlýju og umhyggju í æsku eru talin líklegri en þau sem ekki búa við slíka uppeldishætti til að huga að hag heildarinnar og sýna góðvild (García, Serra, Zacarés og García, 2018). Þá eru leiðandi uppeldisaðferðir taldar hlúa að samkennd (Jolliffe og Farrington, 2006), samviskusemi, siðferðislegri rökhugsun og fórnfýsi fólks (Berkowitz og Grych, 1998), en allt eru þetta mikilvægir þættir í því að efla borgaravitund. Þannig eru þeir sem hafa ríka samkennd taldir líklegri til að aðstoða samborgara sína (Hastings, Zahn-Waxler, Robinson, Usher og Bridges, 2000) og taka virkan þátt í samfélaginu, svo sem með sjálfboðaliðastarfi (Ragný Þóra Guðjohnsen, 2016).

Rannsóknir á gildismati hafa jafnframt gefið til kynna að það tengist kynslóðum að einhverju marki. Áberandi er umræðan um vaxandi einstaklingsmiðun og efnishyggju ungu kynslóðarinnar (Twenge, Campbell og Freeman, 2012) og hefur Inglehart (2008) beint sjónum sínum að því sem hann kallar sjálfstjáníngargildi (e. self-expression values) unga fólksins. Einkenni þeirra er frjálshyndi, aukid kall eftir frelsi til hugsana, athafna og tján-ingar auk þess sem meiri áhersla er á lífsánægju. Í niðurstöðum Van Rossem (2019) kom einnig fram að Y-kynslóðin (fædd 1980–2000) legði meiri áherslu en fyrri kynslóðir á efna-hagslega afkomu, metorð og einkalíf, samhliða sjálfstæði og frelsi í starfi sem gæfi kost á að samræma atvinnu og persónulegt líf. Á hinn bóginn kom fram minni áhersla á skuld-bindingu gagnvart samfélaginu, og hefur þessi þróun verið tengd minnkaðri samkennd og þátttöku í samfélaginu þar sem hugað er að hag annarra (Vohs, Mead og Goode, 2006).

Hugtakið borgaravitund í lýðræðisþjóðfélagi nær bæði til hugsunar og hegðunar en hefur í áranna rás fengið sífellt víðari skírskotun. Borgaravitund getur því birst í formi stjórnmalapátttöku, umhyggju fyrir fólki í erfiðum aðstæðum og þess að berjast fyrir mannréttindum og umbótum í nær- og fjærsamfélagi (Banks, 2017).

Eins og vikið hefur verið að eru ýmsir þroska- og hæfniþættir grunnstoðir borgara- vitundar ungmenna. Niðurstöður rannsókna (Flanagan, Bowes, Jonsson, Csapo og Sheblanove, 1998; Lenzi, Vieno, Santinello, Nation og Voight, 2014) þar sem skoðuð voru tengsl nokkurra þroskaþátta við borgaravitund ungmenna leiddu í ljós að ungmenni sem bjuggu á heimilum þar sem lögð var áhersla á samfélagslega ábyrgð voru mun líklegri en þau sem ekki höfðu alist upp við slíkt gildismat til að huga að almannahag. Svipaðar niðurstöður komu fram í rannsókn sem beindi sjónum að gildunum umhyggju og góðvild (Grusec og Hastings, 2015). Jafnframt virðast viðhorf ungmenna litast af viðhorfum fjölskyldunnar til mála eins og atvinnuleysis, fátæktar og þess að vera heimilislaus (Flanagan og Tucker, 1999). Þau ungmenni sem ræða oft við foreldra sína og vini um borgaraleg málefni eru einnig líklegri til að sýna umburðarlyndi í viðhorfum sínum og leggja áherslu á félagslegt réttlæti sem lykilgildi lýðræðislegs samfélags (Ekström og Östman, 2013).

Niðurstöður langtímarannsókna hafa einnig sýnt fram á mikilvægi uppeldisaðferða foreldra í þessu efni. Því sterkari tengsl sem ungmenni telja sig hafa við foreldra sína við 15 ára aldur og því meira sem þau gera saman, þeim mun líklegri eru þau til þess að taka virkan þátt í borgaralegu starfi við 21 árs aldur (Duke, Skay, Pettingell og Borowsky, 2009). Þá hafa ungmenni sem upplifa mikinn stuðning og hvatningu foreldra sinna jákvæðara viðhorf til virkrar borgaralegrar þátttöku fólks, einkum félagslegrar þátttöku, en þau sem gera það ekki (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2016, 2017).

Þá hefur komið fram að ungmenni, sem eru í góðum samskiptum við foreldra sína, ræða við þau um ýmis mál, fá hlýju og eru von því að hæfilegar kröfur séu gerðar til þeirra séu

líklegri til að hafa jákvæð viðhorf til þátttöku í samfélaginu en önnur ungmenni (Pancer, 2015). Umræður foreldra og barna um pólitík skipta jafnframt máli þegar kemur að þekkingu barna á stjórnámálum (McIntosh, Hart og Youniss, 2007). Fram kom í rannsókn, þar sem athugaðar voru borgaralegar umræður á heimilum, að ungmenni og foreldrar ræddu gjarnan óformleg borgaraleg viðmið og athafnir (að virða lög, sýna virðingu, koma vel fram við aðra, vera hjálpsamur og vinnusamur) en síður um þátttöku í stjórnámálum eða sjálfböðaliðastarfi (Oosterhoff, Metzger og Babskie, 2015).

Loks skal bent á að niðurstöður rannsókna hafa gefið til kynna breyttar áherslur og gildismat ungs fólks sem birtist í frjálslýndari skilningi þess á lýðræðislegum borgaralegum skyldum, svo sem kosningaþátttöku. Rannsóknunum ber þó ekki saman um það hvort sjálfstjórningargildin efla lýðræðislega þátttöku (Welzel og Inglehart, 2006) eða draga úr henni (Dahlum og Knutsen, 2017).

Að þessu sögðu verður hér leitað svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu: Að hvaða marki endurspeglar borgaravitund tveggja íslenskra ungmenna uppeldissýn foreldra þeirra?

AÐFERÐ

Til þess að leita svara við rannsóknarspurningunni var gerð tilviksathugun (Creswell, 2007). Fræðilegur grunnur aðferðarinnar liggur í fyrirbærafræði, sem felst í því að lýsa fyrirbærum út frá reynslu einstaklingsins (Heidegger 1927/1962; Husserl 1936/1970). Skoðuð voru tvö tilvik sem snúa að uppeldissýn foreldra og borgaravitund barna þeirra. Rannsóknin er hluti af rannsóknarverkefninu *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi* (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011) þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir 1.500 þátttakendur (11, 14 og 18 ára) í lok árs 2009 og byrjun árs 2010. Ári síðar voru tekin einstaklingsviðtöl við hluta ungmennanna. Sumarið 2011 var síðan rætt við foreldra þeirra, bæði mæður og feður.


Fyrir þessa grein voru valdir sex þátttakendur úr framangreindri rannsókn. Valin voru tvö 15 ára ungmenni (Elva og Þórhallur), en við unglingsaldur eru samfélagsmál farin að verða einstaklingum merkingarbær (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Foreldrar þeirra voru einnig valdir, tvær mæður (Ósk og Ísold) og tveir feður (Hannes og Niels). Ungmennin voru bæði með skýra sýn á það að vera borgari í samfélagi. Því var áhugavert að kanna að hvaða marki viðhorf þeirra endurspegluðu uppeldissýn foreldra þeirra.

Elva var að byrja sitt síðasta ár í grunnskóla þegar viðtalið við hana var tekið. Hún ólst upp sem einkabarn foreldra sinna, Óskar og Hannesar, og bjó hjá þeim. Þau voru í kringum fertugt þegar þau eignuðust Elvu. Annað þeirra hafði lokið grunnskólaprófi, hitt iðnskólaprófi. Þau unnu bæði utan heimilis en Ósk minnkaði við sig vinnu þegar Elva var yngri. Hitt ungmennið, Þórhallur (ári á undan í skóla), var að byrja í framhaldsskóla þegar viðtalið fór fram. Hann bjó hjá foreldrum sínum, Ísold og Nielsi, og þremur yngri systkinum. Ísold og Niels voru rétt orðin tvítug þegar þau eignuðust Þórhall. Þau höfðu bæði lokið háskólaprófi og unnu utan heimilis. Þórhallur hafði reynslu af sjálfböðaliðastarfi en Elva ekki.

Tekin voru einstaklingsviðtöl við alla þátttakendur, þar sem stuðst var við hálfopin spurningaramma. Við hvort ungmenni voru tekin tvö klukkutíma viðtöl og við hvert foreldri eitt viðtal (90–180 mínútur). Viðtölin við ungmennin voru tekin í fundarherbergi í skólum þeirra en við foreldrana ýmist á heimili viðkomandi eða í fundarherbergi á vinnustað.

Við greiningu gagnanna var notað *Greiningarlíkan um borgaravitund ungmenna og samspil hennar við uppeldissýn foreldra* (sjá mynd 1). Líkanið er byggt á borgaravitundarlíkani Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2008) og Ragnýjar Þóru Guðjohansen (2016) og á greiningarlíkani Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2010) um uppeldis- og menntunarsýn og Hrundar Þórarins Ingudóttur (2015) um uppeldissýn feðra. Líkanið samanstendur af tveimur hringjum sem innihalda þrjá fyrirfram ákveðna efnisflokka; samskipti (foreldra og ungmennis), gildi og sýn á góðan borgara. Í ytri hring líkansins tengjast efnisflokkarnir borgaravitund ungmennis en í innri hring þess uppeldissýn foreldra. Innan hvers efnisflokks voru gögnin síðan þemagreind samkvæmt viðmiðum Terry, Hayfield, Clarke og Braun (2017). Gögnin voru kóðuð með það í huga að þau túlkuðu sýn viðmælenda á þá efnisflokka sem áhersla var lögð á. Kóðin voru síðan flokkuð og sameinuð og smám saman urðu til þemu innan hvers efnisflokks.

Hugað var að mögulegum siðferðilegum álitamálum og áhersla lögð á að fara í einu og öllu eftir þágildandi lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (nr. 77/2000). Þátttakendur fengu ítarlegar upplýsingar um rannsóknina og vinnslu gagna. Fengið var upplýst samþykki þátttakenda, sem og samþykki foreldra ungmennanna. Öllum persónugreinanlegum upplýsingum í gögnunum var breytt, dulnefni notuð og hugað að því að tryggja trúnað í hvívetna.



Mynd 1. Greiningarlíkan um borgaravitund ungmennis og samspil hennar við uppeldissýn foreldra

NIÐURSTÖÐUR

Hér verða kynntar niðurstöður rannsóknarinnar. Í töflum 1 og 2 má sjá yfirlit yfir þemu sem greind voru innan hvers efnisflokks greiningarlíkansins sem notað var til að greina gögnin: Efnisflokkarnir eru: samskipti, gildi og góður borgari (sjá mynd 1).

Tafla 1. Þemu hjá Elvu og foreldrum hennar sem snúa að sýn á samskipti, gildi og góðan borgara

Elva	Hannes	Ósk
Samskipti ungmennis og foreldris		
Náið samband	Náið samband	Náið samband
Stuðningur foreldra	Styðjandi og vera til staðar	Styðjandi og vera til staðar
Mikil samvera, djúpar samræður og lausnir fundnar saman	Mikil samvera, djúpar samræður, hlustun og lausnir fundnar saman	Mikil samvera, djúpar samræður, hlustun og lausnir fundnar saman
Gildi		
Umhyggja	Umhyggja	Umhyggja
Virðing	Virðing	Virðing
Skilningur og umburðarlyndi	Skilningur og umburðarlyndi	Skilningur og umburðarlyndi
Ábyrgð	Ábyrgð	Ábyrgð
	Traust	
Hjálpsemi		Hjálpsemi
Góður borgari		
Góð samskipti	Góð samskipti	Góð samskipti
Setja sig í spor annarra og sýna samkennd		Setja sig í spor annarra og sýna samkennd
Hafa áhrif, hlúa að velferð samborgara og borgaraleg þátttaka	Hafa áhrif, hlúa að velferð samborgara	Hafa áhrif, hlúa að velferð samborgara
Óformleg borgaraleg viðmið, virða lög og reglur	Óformleg borgaraleg viðmið, farnast vel	Óformleg borgaraleg viðmið, farnast vel

Sýn Elvu og foreldra hennar

Hannes, faðir Elvu, segist eiga mjög gott samband við dóttur sína. Hann leggur megináherslu á að vera til staðar fyrir hana, auk þess sem hann talar um mikilvægi samræðunnar. Aðalmálið í uppeldinu sé að börnin finni að þau geti alltaf „talað við mann“ og rætt allt það sem þau eru að fást við og velta fyrir sér. Þau Elva tali mikið saman og hann vilji að dóttur hans sé ljóst að hún geti komið og talað við hann „hvenær sem er“. Foreldrar verði að skilja börnin sín, „alveg ... ofan í kjölinn“ og til að öðlast slíkan skilning verði maður að hlusta og ræða málin „alveg hreint í botn“. Hann segir að samræður þeirra „í bíl eða göngu og svo náttúrulega ... heima þegar við erum að borða á kvöldin“ hjálpi honum að fylgjast með hvernig dóttur hans líði.

Hannes telur einnig nauðsynlegt að rökræða hlutina og segir að þau feðginin geri það iðulega. Dóttir hans sé ófeimin að tjá skoðun sína og „maður getur alveg treyst því að ef það er eitthvað sem henni líkar eða líkar ekki þá segir hún frá því“. Hún eigi til dæmis til að „setja sig á háa C-ið gagnvart okkur [foreldrunum]“ þegar hún ræðir málefni unglinga í nútímanum. Þau foreldrarir nýti þessi tækifæri til að benda á að það séu svo margar hliðar á þessu máli að það sé hægt að fara aðrar leiðir en akkúrat þessa og hún [sé] fljót að skipta um skoðun þegar umræðan fer í gang. Með því að ræða mál á þennan hátt komist þau alltaf að góðri niðurstöðu.

Hannes vísar í umræðu sinni um uppeldi iðulega til mikilvægra gilda í samskiptum foreldra og barna. Hann leggur áherslu á að samskipti þeirra feðgina byggist á trausti. Hann segir að dóttir hans segi honum alla hluti og á sama hátt vilji hann að hún geti treyst honum og leitað til hans með „allt sem að þarf að tala um ... það er ekkert undanskilið“. Hann útskýrir jafnframt að stuðningur foreldra sé mikilvægur fyrir velferð barnsins. Þá sé virðing mikilvægt gildi í samskiptum við börn. Hluti af því sé til dæmis að gefa sér tíma til að hlusta á börnin. Þá vísar Hannes til kærleika og umburðarlyndis og segir að maður verði að taka börnum eins og þau séu. Með slíkum uppeldisaðferðum komist þau „frekar á réttan stað í lífinu“.

Þegar Hannes ræðir uppeldissýn sína hugar hann að ýmsum þáttum í framtíð dóttur sinnar, að hann vilji stuðla að því að henni farnist vel og að hún verði „góð manneskja“. Einnig leggur hann áherslu á hlutverk hennar í samfélaginu og mikilvægi þess að hún verði „góður þegn“. Hann vísar í því sambandi til uppeldisgilda sinna, meðal annars til trausts, og segir að góður þegn sé í hans huga einstaklingur sem hægt sé að treysta enda sé traust forsenda góðra samskipta.

Ósk, móðir Elvu, segir samband þeirra mæðgna náíð og innilegt. Þær tali mikið saman og geti rætt alla hluti. Þá verji þær miklum tíma saman. Ósk segist njóta þess góða sambands og vináttu sem hún eigi við dóttur sína. Í hlutverki sínu sem móðir hafi hún að leiðarljósi „að vera til staðar [og] ... gefa sér tíma með barninu“. Það sé lykilatriði fyrir velferð barna svo þau spjari sig síðar meir og leiðist ekki út í „vitleysu“. Ef dóttur hennar liggur eitthvað á hjarta þá gefi hún henni alltaf tíma, hvort sem hún sé að horfa á fréttirnar eða í miðri spennu mynd. Hún setji dóttur sína „alltaf í fyrsta sæti“.

Ósk leggur áherslu á að gildi eins og kærleikur sé „gott veganesti út í lífið“. Ef barn upplifir ást foreldra sinna þá geti það sjálft gefið ást og hlýju. Þá er skýrt að virðing er rauði þráðurinn í uppeldissýn Óskar. Þannig segir hún að mikilvægt sé „að tala af virðingu við börn ... ekkert [sé] ljótara en að sjá talað niður til ... barna“. Hún segir virðingu fyrir

börnum líka alltaf hafa skipt dóttur sína máli og segir sögu af atviki frá því að Elva var tæp-lega sex ára. Þá hafi hún bent móður, sem var að sækja barn sitt í leikskólann, á að hún mætti „ekki vera svona pirruð út í barnið [sitt]“. Þá segist Ósk hafa lagt sig fram um að efla hjá dótturinni umburðarlyndi, skilning, náungakærleika og að setja sig í spor annarra. Hún segir Elvu stundum koma heim „pirr[aða] ... út í einhvern sem var ... hundleiðinlegur í skólanum“. Þá segi hún gjarnan: „Ekki dæma hann ... Við skulum ekkert vera reið út í fólk sem lætur svona, þeim líður bara illa og við vitum ekkert út af hverju“ og bendi á að ekki fái allir þá ást og umhyggju sem þeir þarfnist.

Í máli sínu vísar Ósk til nokkurra þátta sem snúa að borgaralegu uppeldi Elvu. Hún hafi sem foreldri lagt áherslu á mikilvægi náungakærleika og hjálpsami. Að líðan og velferð náungans skipti máli og komi manni við. Því hafi hún lagt sig fram um að vera dóttur sinni fyrirmynd og að koma vel fram við náungann. Hún segir að þótt „maður geti kannski ekki hjálpað fjárhagslega þá getur maður alla vega ... sýnt einhvern lit“. Hún hafi því til dæmis fyrir sið að huga að rosnum nágranna og athugi reglulega hvort ekki sé allt í lagi hjá honum og þegar hún steiki kleinur færi hún honum kleinupoka.

Elva, 15 ára, lýsir tengslum við foreldra sína sem „mjög góðum“. Þau beri virðingu fyrir henni, þyki vænt um hana og taki tillit til skoðana hennar. Hún segist vera nánin móður sinni því það sé gott að ræða við hana. Hún segist líka vera nánin föður sínum af því að hann skilji hana og sýni henni mikinn stuðning. Áhersla Elvu á góð samskipti koma skýrt fram í máli hennar og segir hún að foreldrar hennar hafi kennt henni hvað í þeim felist. Mikilvægast sé að „bera virðingu fyrir öðrum“, sýna „væntumþykju [þannig] að öllum líði vel“ og að fólk „skilji hvort annað og geti leyst vandamálið saman“. Hún segir þó koma fyrir að hún rífast aðeins við foreldrana „en svo finnst mér það ekki góð leið svo ég fer til þeirra og biðst afsökunar og við tölum um þetta“.

Vitund Elvu um mikilvægi samræðunnar í samskiptum kemur skýrt fram. Hún segir skipta miklu máli að fólk hlusti hvert á annað og þegar það hafi ólíkar skoðanir sé nauðsynlegt að „allir komi sinni skoðun á framfæri ... reyni svo að koma til móts við hvort annað“ og finna lausnir.

Elva ræðir um mikilvægi góðra gilda í tengslum við persónulega velferð en jafnframt samskipti við samferðafólk. Hún vitnar til mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvernig hann á þátt í að ná sátt um mikilvæg gildi meðal þjóðanna. Hún nefnir í því sambandi að sér finnst „svo skrýtið hvernig fólki hefði dottið ... í hug að drepa gyðingana“ í heimsstyrjöldinni síðari. Hún segir að með því að hafa gildin „væntumþykju, skilning [og] virðingu“ að leiðarljósi í samskiptum megi stuðla að góðu samfélagi þar sem öllum líði vel og fólk finni sameiginlegar lausnir á vandamálum. Elva telur til að mynda nauðsynlegt að bæta hag eldri borgara, svo sem búsetuúrræði þeirra: „Við eigum að bera virðingu fyrir þeim eins og við viljum að það sé borin virðing fyrir okkur þegar við verðum eldri.“ Ungt fólk geti til dæmis lagt sitt lóð á vögarskálarnar í þessum málaflökki.

Þegar Elva ræðir merkingu þess að vera góður borgari í samfélagi nefnir hún fyrst ábyrgðina og segir að „lögin hjálpi [i] okkur að halda ákveðinni reglu í samfélaginu“ og það sé okkar ábyrgð að fylgja þeim. Þá finnst henni hún bera „ábyrgð á að öðrum líði vel“ með því að vera góð við náungann. Hún nefnir að foreldrar hafi hlutverki að gegna í þessu sambandi og beri „ábyrgð á því að ... sýna gott fordæmi [og] að börnin þeirra fái rétta

félagsmótun“. Í því felist að kenna börnum að sýna virðingu og væntumþykju og þannig séu foreldrarnir að „undirbúa nýja þjóðfélagsþegna“. Elva segir að þetta þekki hún af eigin raun. Foreldrar hennar hafi haft mest áhrif á gildin hennar en „svo hafa þau líka þróast hjá mér sjálfri“.

Elva telur það hlutverk góðs borgara að „gera samfélagið að betri stað“ og sjálfboðaliðastarf sé ein leið til þess. Hún segir að þó hún hafi ekki enn tekið þátt í slíku starfi þá hafi hún áhuga og að það „myndi veita [s]ér mikla ánægju að vita að [hún] hefði gert eitthvað gott fyrir aðra“. Hana hafi langað að verða sjálfboðaliði á dvalarheimili fyrir aldraða en ekki fengið það sökum ungs aldurs. Hún nefnir dæmi um önnur þörf þátttökuverkefni: „að hjálpa ... konum [og börnum] sem lent hafa í líkamlegu og andlegu ofbeldi ... [og] dýrum“. Hún telur að „ungt fólk eigi að hafa áhrif í samfélaginu alveg eins og fullorðið fólk því það kemur okkur alveg jafn mikið við“. Ungmenni eigi kost á að skrifa í blöðin og tjá sig í útvarpi en þau þurfi fjölbreyttari „tækifæri ... til að hafa áhrif ... [og] kom[a] skoðunum sínum á framfæri við samfélagið“. Þannig gætu fullorðnir betur komið til móts við börn og fólk myndi skilja betur hvert annað. Elva nefnir að þegar ungt fólk fái kosningarétt fái það „að segja skoðun sína á ákveðnum hlutum“. Hún viðurkennir þó að hún sé ekki viss um hvort hún muni nýta kosningaréttinn þegar hún hefur aldur til. Hún útskýrir þessa afstöðu og segir: „Ég myndi aldrei vita af hverju ég væri að kjósa eitthvað því ég þæli ekkert mikið í stjórn málum.“

Tafla 2. Þemu hjá Þórhalli og foreldrum hans sem snúa að sýn á samskipti, gildi og góðan borgara

Þórhallur	Níels	Ísold
Samskipti ungmennis og foreldris		
Náið samband	Náið samband	Náið samband
Stuðningur og öryggi	Stuðningur, vera til staðar og öryggi	Stuðningur, vera til staðar og öryggi
Djúpar samræður og lausnir fundnar saman	Djúpar samræður, rökræður og lausnir fundnar saman	Djúpar samræður, hlustun og lausnir fundnar saman
Gildi		
Umhyggja	Umhyggja	Umhyggja
Virðing	Virðing	Virðing
Skilningur	Umburðarlyndi	Skilningur og umburðarlyndi
Ábyrgð	Ábyrgð	Ábyrgð
Traust	Traust	
		Hjálpsemi
Góður borgari		
Góð samskipti	Góð samskipti	Góð samskipti
Setja sig í spor annarra og sýna samkennd		Setja sig í spor annarra og sýna samkennd
Hafa áhrif, hlúa að velferð samborgara og borgaraleg þátttaka	Hafa áhrif, hlúa að velferð samborgara	Hafa áhrif, hlúa að velferð samborgara og borgaraleg þátttaka
Óformleg borgaraleg viðmið, virða lög og reglur, vinnusemi og farnast vel, hamingja	Óformleg borgaraleg viðmið, vinnusemi og farnast vel, hamingja	Óformleg borgaraleg viðmið, vinnusemi og farnast vel, hamingja

Sýn Þórhalls og foreldra hans

Níels, föður Þórhalls, finnst mikilvægt að vera í góðu sambandi við son sinn. Hann segir þó að stundirnar sem þeir eigi saman mættu vera fleiri. „Þú veist, mikið að gera hjá mér og mikið að gera hjá honum ... en við eigum mjög gott samband það sem er.“ Hann leggi áherslu á að vera „félagi [sonar síns] sem að styður og styrkir og er til staðar“. Þeir feðgarnir ræði mikið saman. Hann setjist oft hjá Þórhalli þegar hann er í tölvunni og spili á gítarinn og á meðan „erum að spjalla saman“.

Hann segir þá ræða allt milli himins og jarðar. Allt frá hagnýtum atriðum eins og „hvernig honum gengur í skólanum“ til þess „hvaða hugmyndir hann hefur um lífið og

tilveruna“. Þeir ræði meðal annars tilfinningar, en Þórhallur sé „næmur á hvernig öllum líður í kringum sig“. Níels telur „uppeldi sem er byggt á samtölum ... gott uppeldi“. Samtöl séu „gott verkfæri“ því í þeim „speglar [maður] sjálfan sig ... og skoðanir sínar í öðrum“. Ef upp koma ágreiningsmál þá ræði þeir feðgarnir málin og komist að niðurstöðu út frá því hvor er með „bestu rökin“.

Níels leggur áherslu á að ein af grunnþörfum barna sé að fá „ást og umhyggju“ í uppeldinu. Þá sé nauðsynlegt að börnin „finni að þau séu örugg“, ekki bara fyrir veðri og vindum heldur einnig fyrir ranghugmyndum í samfélaginu eins og um útlit. Níels leggur áherslu á „að koma vel fram“, „vera réttisýnn“ og að sýna „gagnkvæm[a] virðing[u]“ í samskiptum. Hann segir að bera þurfi virðingu fyrir því sem börnin hafa að segja og að „þau hafi sínar skoðanir og langanir“ eins og fullorðnir. Níels segir mikilvægt að sonur sinn viti hvað hann vilji og hafi þekkingu og hæfni til að vinna að markmiðum sínum. Hann styðji hann jafnt í því að vera „hamingjusamur“ og að hafa trú á sjálfum sér.

Níels telur að samræður undirbúi ungmenni fyrir fullorðinsárin og þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Börn þurfi að geta „skoða[ð] ... [marga] möguleika í stöðunni [og] myndað sér sínar eigin skoðanir“. Á þann hátt geti þau tekið ákvarðanir og fært rök fyrir skoðunum sínum. Hann segir Þórhall taka sér sinn tíma í að mynda sér skoðanir en hann taki síðan „góða og yfirvegaða afstöðu“. Áherslur hans í uppeldinu hafi einnig beinst að því að ræða við Þórhall um góð gildi, svo sem tillitssemi og umburðarlyndi, sem séu forsenda þess „að geta verið í samfélagi við annað fólk“. Hann tekur sem dæmi að leggja ekki í stæði fyrir fatlaða og „að leyfa gamalli konu að sitja í strætó“. Níels segist sjá hjá syni sínum sterka réttlætiskennd og mikla félagsvitund og þessir jákvæðu eiginleikar séu ekki bara mikilvægir fyrir „hann sjálfan [heldur] ... alla í kringum hann ... allan heiminn“.

Ísold, móðir Þórhalls, segir þau mæðginin náin: „Við erum ... alveg bestu vinir [og] ... þekkjum hvort annað mjög vel ... Hann treystir mér fyrir rosa mörgu [og segir mér] ... ef honum líður illa.“ Hún segist einnig leggja sig fram um að virða einkalíf hans og segist ekki skipta sér af öllu. Ef eitthvað hefur komið upp á hjá þeim hafi þau „getað talað [sig] í gegnum öll ágreiningsmál“. Ísold telur mikilvægt að foreldrar hlusti á börn sín, ekki bara til að vita hvers þau þarfnast heldur einnig upp á að vera þeim fyrirmynd. Hún telur það hluta af því „að kunna að vera í samskiptum ... við annað fólk ...[því] stærsti hlutinn sé að hlusta“.

Megináhersla Ísoldar í uppeldi barna sinna er á „ást og kærleika“. Hún telur að börn sem skorti slíkt verði harðari og geti skort samkennd. Börn sem á hinn bóginn finni ást og væntumþykju foreldra sinna læri „að manni þykir ... vænt um þau þó ... þau séu ekki ... fullkomin“. Þessi skilyrðislaus ást veiti börnunum „öryggi“ sem leiði til þess að þeim gangi betur í lífinu, bæði í vinnu og samskiptum. Ísold leggur einnig áherslu á að sýna umburðarlyndi, samkennd og skilning. Hún segir að skilningur á aðstæðum annarra sé mikilvægur þáttur í því að geta sýnt umburðarlyndi og samkennd. Þórhallur sonur hennar sé réttlátur en hún þurfi þó „stundum að stoppa hann í einhverjum fordómum“ og ræða við hann. Ef hann sýnir „dómhörku í garð einhverra vina“, þá reyni hún að hjálpa honum að setja sig í spor vinarins og benda á að „kannski líð[i] honum ekki vel og kannski [sé] bara erfitt hjá honum heima“. Þórhallur sé þó alltaf kurteis enda hafi hún lagt áherslu á að leiðbeina börnum sínum með að vera kurteis og nota ekki ljót orð.

Ísold vill líka undirbúa börn sín fyrir framtíðina með því að temja þeim vinnusemi. Að „gera eins vel og þau geta“ og sýna þrautseigju. Um leið leggur hún áherslu á að þau hafi gaman af lífinu, séu „hamingjusöm“ og njóti þess sem þau eru að gera. Þá segir Ísold það gefa „lífinu gildi að eiga einhverja nákomna sem manni þykir vænt um“. Þau séu mikið fjölskyldufólk. Það sama eigi við um Þórhall, og hún bætir við: „Ég vona bara innilega að hann eignist konu og börn af því að ég veit að það er það sem hann langar mest.“

Ísold er tíðrætt um mikilvægi þess að börn læri að sýna skilning og umburðarlyndi og að vera opin fyrir því að kynnast ólíkum einstaklingum og ólíkum skoðunum. Hún telur að þannig verði einstaklingar víðsýnni, „sjá[i] eitthvað út fyrir sinn eigin ramma“. Að hennar mati sé það nauðsynlegur þáttur í að hlúa að samfélagsvitund barna, sem og samkennd og umburðarlyndi í samfélaginu. Hún segir það einkenna Þórhall að hann sé ákaflega tilfinninganæmur og „vil[ji] aldrei særa neinn“.

Þórhallur, 15 ára, segist vera náinn báðum foreldrum sínum „bara á allan hátt, við tölum saman um allt“. Hann segir foreldra sína taka ólíkt á málum. Í samskiptum geti faðir hans verið mjög hvatvís. Móðir hans fari aftur á móti varlegar í hlutina og komi fram á „friðsamari hátt ... [Hún] vill ná samkomulagi við alla“. Hann segir að í samskiptum finnist honum „mömmuleið henta aðeins betur ... út af því að það er skemmtilegra að allir séu ánægðir“. Að hans mati eru skilningur og kurteisi lykilþættir í samskiptum. Hann segir að skilningur sé nauðsynlegur til þess að fólk sjái fleiri hliðar á málum en sína eigin og hann auðveldi fólk að komast að niðurstöðu. Kurteisi segir hann mikilvæga til þess að „koma vel fram við aðra“ og bætir við „mér líður einhvern veginn bara illa þegar fólk í kringum mig líður illa“.

Þegar Þórhallur ræðir um gildi sín segist hann leggja áherslu á hamingjuna „því maður ... fær ekkert út úr lífinu almennilega ef maður er ekki hamingjusamur“. Hann telur „góða menntun, að eiga fjölskyldu ... og vera í vinnu“ leggja grunninn „að öllu; hamingju og fullnægju“. Virðing er Þórhalli jafnframt hugleikin og telur hann einkenni góðs borgara vera „að bera virðingu fyrir hinum borgurunum“ og vísar til þess að virðing sé forsenda góðra og friðsamlegra samskipta í samfélaginu. Hann talar einnig um að borgarar þurfi að sýna öðrum umhyggju og hafa hjálpssemi að leiðarljósi. Hann segist sjálfur upplifa „það vera mín[a] skyld[u] ef fólk líður illa, að hjálpa þeim“.

Þórhallur tekur djúpt í árinna og segir að í sínum huga sé góður borgari einstaklingur sem beri ábyrgð á „þjóðinni [og] landinu“. Hann útskýrir þetta nánar og segir: „Það bera náttúrulega allir einhverja ábyrgð og skyldu; ... að fylgja reglum ... vera í vinnu ... fara vel með hlutina ... leggja eitthvað fram til samfélagsins ... og svo bara sjá um ... næstu kynslóð.“ Sjálfur segist hann upplifa ábyrgð „á eigin námi og ... velferð, ... passa [systkini sín]“ og „ber[a] ábyrgð á að taka til eftir mat“. Þegar umræðan færir að samfélagslegri ábyrgð segist hann finna fyrir „ábyrgð gagnvart hafinu ... [og]... ábyrgð á líðan fólks“. Þórhallur segir að kosningarétturinn sé mikilvægur en hingað til hafi hann ekki verið upptekinn af honum. Hann tekur þó fram að það muni eflaust breytast þegar hann verði eldri af því að þá er bara komin miklu meiri ábyrgð á mann að sjá um eigið heimili, um að kjósa flokka sem að fara betur með peningana manns og svoleiðis.

Að mati Þórhalls getur ungt fólk haft áhrif á samfélagið á margvíslegan annan hátt en að kjósa í lýðræðislegum kosningum. Mótmæli, þátttaka í nemendafélögum og félagsstarfi fyrir ungt fólk séu líka góð þátttökutækifæri. Síðan geti ungt fólk tekið þátt í að

berjast fyrir ýmsum umbótum, eins og atvinnumöguleikum fyrir ungt fólk á sumrin. Að hans mati þarf að fylgja baráttumálum vel eftir við þá sem taka ákvarðanir. Hann segir að „til þess að hafa áhrif á eitthvað [þurfi] maður alltaf að spyrja aftur og aftur [um framgang málsins] og reyna aftur og aftur“. Þá finnst Þórhalli sjálfboðaliðastarf líka geta verið „mjög sniðugt, ef fólk vill leggja eitthvað gott“ til samfélagsins. Hann segir móður sína virka í sjálfboðaliðastarfi en föður sinn ekki. Sjálfur segist Þórhallur hafa tekið þátt í sjálfboðaliðastarfi á vegum skólans og svo hafi hann einstaka sinnum tekið þátt í gróðursetningarverkefnum með stórfjölskyldunni.

UMRÆÐUR

Framtíð lýðræðissamfélaga byggist á því að hlúð sé að grunngildum lýðræðis strax í barnæsku með því að styðja borgaravitund, borgaralegan áhuga og þátttöku, sem og færni barna og ungmenna í að hafa áhrif á samfélag sitt (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Meginniðurstaða þessarar rannsóknar er að uppeldishættir foreldranna skipti miklu máli fyrir borgaravitund ungmennanna. Veganesti úr foreldrahúsum, áhersla á góð samskipti, djúpar samræður og gildismat þar sem lögð er áhersla á virðingu, skilning, samfélagsábyrgð og velferð samborgara, endurspeglast vel í borgaravitund ungmennanna og vilja þeirra til að vera góðir borgarar.

Náin samskipti foreldris og barns eru mikilvæg fyrir gildismat og borgaravitund ungmennis

Ungmennin sem rætt var við, njóta þeirrar gæfu að vera í nánnum samskiptum við foreldra sína. Af frásögnum ungmennanna, Elvu og Þórhalls, og samræðum við foreldrana má greina að mæðurnar og feðurnir hafa öll leiðandi uppeldishætti að leiðarljósi. Þau leggja áherslu á umhyggju, virðingu, stuðning og að vera til staðar. Slíkar uppeldisaðferðir eru samkvæmt rannsóknum taldar hlúa að góðum tengslum við barnið og auka líkur á að það líti til foreldranna sem fyrirmynda og tileinki sér gildismat þeirra (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, 2019; Steinberg, 2001). Dæmi um þetta eru skýr hjá ungmennunum. Þegar þau ræða eigin gildi vísa þau til uppeldisgilda foreldra sinna og nefna mikilvægi umhyggju, virðingar, skilnings og umburðarlyndis í samskiptum. Þegar rætt var um borgaraleg mál efni yfirfærðu ungmennin greinilega þetta gildismat á borgaraleg viðmið sín. Áhersla þeirra er á mikilvægi þess að huga að velferð samborgaranna, setja sig í spor annarra, sýna samkennd og vera hjálpsamur. Góð samskipti í uppeldi eru einmitt talin auka líkur á að ungmenni vilji leggja sitt af mörkum í borgaralegu starfi í framtíðinni (Duke o.fl., 2009). Þetta sjáum við hjá Elvu og Þórhalli. Umhyggja og mikil samvera með foreldrum í æsku er talin stuðla að umhyggju fólks fyrir velferð og hag samborgaranna á fullorðinsárum (Grusec og Hastings, 2015).

Stuðningur foreldra við börn sín, eins og á við um Elvu og Þórhall, hefur að sama skapi þótt styrkja jákvætt viðhorf ungmenna til borgaralegrar þátttöku, sérstaklega félagslegrar þátttöku eins og sjálfboðaliðastarfs (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2016, 2017). Elva og Þórhallur eru jákvæð gagnvart því að taka ábyrgð og hafa áhrif í samfélaginu en áherslan var meiri á félagslega borgaralega þátttöku eins og sjálfboðaliðastarf

en á stjórnmaláþátttöku. Þá efla slíkar uppeldisaðferðir traust barnsins, sem er mikilvæg forsenda þess að vilja taka þátt í borgaralegu samfélagi síðar. Án trausts, til dæmis til stjórnvalda, hefur fólk ekki trú á að þátttaka þess skipti máli fyrir samfélagið (Dalton, 2016). Athyglisvert er að báðir feðurnir og Þórhallur töluðu um traust á meðan mæðurnar og Elva töluðu um hjálpssemi.

Borgaraleg ábyrgð þróast í foreldrahúsum

Bæði ungmennunum og foreldrunum er hugleikin sú ábyrgð sem felst í því að vera borgari. Börn byrja að taka ábyrgð smátt og smátt. Sjá má að Þórhalli og Elvu hafði smám saman verið falin viss ábyrgð á heimilishaldi, gagnvart systkinum og á eigin námi. Síðar upplifðu þau sig þátttakendur í stærra borgaralegu samhengi. Þannig virðast þau yfirfæra hugmyndir sínar um ábyrgð og skyldur á hlutverk sitt sem borgara. Þessu svipar til niðurstaðna Lenzi og félaga (2014) þar sem kemur fram að börn sem búa á heimilum þar sem lögð er áhersla á ábyrgð eru líklegri en önnur börn til að huga að almannahag í framtíðinni.

Mikilvægi samræðu við þróun borgaravitundar

Áherslan í uppeldi beggja ungmennanna á samræðuna, að borin sé virðing fyrir ólíkum skoðunum og hlustað á rödd annarra, virðist hafa styrkt mikilvæga þroska- og hæfnipætti borgaravitundar hjá þeim, það er getu til að greina að mismunandi sjónarmið, mynda sér skoðanir og finna sameiginlegar lausnir ágreiningsmála. Hún hefur einnig styrkt trú þeirra á eigin getu til þess að móta samfélag sitt og hafa áhrif (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, 2019). Þetta má sjá hjá Þórhalli þegar hann talar um að fylgja baráttumálum vel eftir og einnig hjá Elvu, en móðir hennar sagði frá því að Elva hefði á leikskólaaldri reynt að hafa áhrif á móður sem henni fannst tala óvarlega til barnsins síns. Uppeldissýn foreldranna er jafnframt sjáanleg í borgaravitund ungmennanna sem snýr að því að hafa áhrif í samfélaginu með formlegri eða óformlegri þátttöku. Ungmennin nefna bæði þátttöku í sjálfböðaliðastarfi þar sem hlúð er að hag samborgara. Auk þess nefna þau stefnumótun og baráttu fyrir ákveðnum málaflokkum. Elva lætur sig varða málefni eldri borgara, en sú áhersla kom einnig fram hjá móður hennar. Þórhallur nefndi félagsþátttöku ýmiss konar, en hann og móðir hans höfðu reynslu af slíkri þátttöku. Þórhallur leggur þó skýra áherslu á að borgaraleg þátttaka þurfi alltaf að vera valkvæð og meggi ekki vera skylda. Hér má sjá dæmi um hin svokölluðu sjálfstjórningargildi sem eru talin algengari hjá yngri kynslóðum og einkennast af sókn eftir frelsi einstaklinga til að ákveða hvernig þeir haga lífi sínu og þar með þátttöku í samfélaginu (Inglehart, 2008; Van Rossem, 2019).

Jákvæðari viðhorf til félagslegrar þátttöku og sjálfbóðaliðastarfs en þátttöku í pólitísku starfi

Viðhorf beggja ungmennanna til þátttöku í pólitísku starfi, sérstaklega þátttöku í lýðræðislegum kosningum, er neikvæðara en til félagslegrar þátttöku og sjálfbóðaliðastarfs. Er þetta í samræmi við niðurstöður rannsókna um minnkandi kosningaþátttöku ungs fólks og minnkandi áhuga á þátttöku í formlegu pólitísku starfi (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2017). Elvu finnst áhugaverðara að taka þátt í sjálfbóðaliðastarfi þótt hún hafi ekki tekið þátt ennpá og Þórhallur hefur nokkra reynslu af slíkri þátttöku.

Áhersla á að hlúa að velferð samborgara

Megináhersla ungmennanna er á þátttöku sem stuðlar að velferð samborgara en einnig benda þau á nokkur óformleg borgaraleg viðmið, eins og að fylgja lögum og reglum samfélagsins, að vera vinnusamur, efnahagslega afkomu og hamingju. Finna má þessu stoð í uppeildissýn foreldra þeirra og niðurstaðan samræmist rannsóknum (Oosterhoff o.fl. 2015) sem gefið hafa til kynna að í umræðu foreldra og barna um borgaralegar skyldur sé oft rætt um óformleg borgaraleg viðmið (t.d. að sýna öðrum virðingu, koma vel fram við aðra, vera hjálpsamur, vinnusamur, fylgja reglum, vera hamingjusamur) en minna um formlega pólitíska þátttöku og sjálfbóðaliðastarf. Foreldrar Elvu ræddu óformleg viðmið, eins og að henni farnaðist vel og hún yrði „góður þegn“. Foreldrar Þórhalls ræddu um vinnusemi og að hlúa að farsæld hans til framtíðar.

Í ljósi minnkandi kosningaþátttöku ungs fólks á Vesturlöndum er visst áhyggjuefni að umræður ungmennanna og foreldra þeirra snúi ekki að pólitískum málum, en slíkar umræður geta eftir þekkingu á stjórnmálum (McIntosh o.fl. 2007) og hvatt til kosningaþátttöku. Á hinn bóginn er áhersla foreldranna á samræður (Pancer, 2015), að efla samkennd og aðstoða samborgara (Hastings, o. fl. 2000; Ragný Þóra Guðjohnsen, 2016) mjög jákvæð og til þess fallin að hvetja til félagslegrar þátttöku í samfélaginu.

SAMANTEKT OG LOKAORÐ

Niðurstöður rannsóknarinnar undirstrika mikilvægi þess fyrir borgaravitund ungmenna að í uppeildisháttum sé hugað að góðum samskiptum foreldra og barna og að áhersla sé lögð á samræður og gildi eins og umhyggju, virðingu og ábyrgð. Ungmennni halda út í hinn stóra heim með þetta veganesti úr foreldrahúsum og túlka heiminn og samskipti við annað fólk út frá því. Jafnframt eru vísbendingar um að foreldrar mættu skerpa á því hlutverki sínu að styðja lýðræðislega borgaravitund barna sinna með því að tengja gildismat og umræður í ríkari mæli við pólitíska stefnumótun og gildi kosningaþátttöku.

Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að vera mikilvægt framlag til rannsókna á borgaravitund ungmenna og uppeildissýn foreldra. Gildi rannsóknarinnar liggur jafnframt í því að vekja athygli á mikilvægi uppeildissýnar foreldra sem snýr að gildum, samskiptum og borgaralegum viðhorfum fyrir borgaravitund barna. Við lifum á tímum þar sem borgarar þurfa að finna friðsamlegar lausnir í mörgum málum og án efa kallar hvert tímabil í heimssögunni á hæfni til þess. Þeir þroska- og hæfnipættir sem teljast undirstaða farsælla

samskipta borgara, siðferðis og friðsamlegra lausna verða því að vera leiðarljós í uppeldi barna. Foreldrar eru þar í aðalhlutverki og því er aðkallandi að auka vitund þeirra um að hjá þeim liggur fjársjóðskista, full af tækifærum, og lykillinn að henni er í þeirra höndum.

ATHUGASEMD

Þakkið fá Sigrún Aðalbjarnardóttir og Vísindasjóður Rannsóknarráðs Íslands og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, sem veittu Sigrúnu styrki til rannsóknarinnar *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Ungmennin sem tóku þátt í rannsókninni og foreldrar þeirra fá einnig sérstakar þakkið fyrir þátttöku sína.

HEIMILDIR

- Banks, J. (ritstjóri). (2017). *Citizenship education and global migration: Implications for theory, research, and teaching*. Washington: American Educational Research Association.
- Barni, D. og Knafo, A. (2012). Value systems of fathers, mothers and adolescents: Do parents and their children construe basic values in the same way? *Survey Research Methods*, 6(1), 3–11. <https://doi.org/10.18148/srm/2012.v6i1.5089>
- Baumrind, D. (1971). Current patterns of parental authority. *Developmental Psychology*, 4(1, Pt. 2), 1–103. <https://doi.org/10.1037/h0030372>
- Berkowitz, M. og Grych, J. (1998). Fostering goodness: Teaching parents to facilitate children's moral development. *Journal of Moral Education*, 27(3), 371–391. <https://doi.org/10.1080/0305724980270307>
- Bronfenbrenner, U. (1994). Ecological models of human development. Í M. Gauvain og M. Cole (ritstjórar), *Readings on the development of children* (bls. 37–43). New York: Freeman.
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five traditions* (2. útgáfa). Thousand Oaks: SAGE.
- Dahlum, S. og Knutsen, C. (2017). Democracy by demand? Reinvestigating the effect of self-expression values on political regime type. *British Journal of Political Science*, 47(2), 437–461. <https://doi.org/10.1017/s0007123415000447>
- Dalton, R. J. (2016). *The good citizen: How a younger generation is reshaping American politics* (2. útgáfa). Thousand Oaks: SAGE.
- Duke, N. N., Skay, C. L., Pettingell, S. L. og Borowsky, I. W. (2009). From adolescent connections to social capital: Predictors of civic engagement in young adulthood. *Journal of Adolescent Health*, 44(2), 161–168. <https://doi.org/10.1016/j.jadohealth.2008.07.007>
- Ekström, M. og Östman, J. (2013). Family talk, peer talk and young people's civic orientation. *European Journal of Communication*, 28(3), 294–308. <https://doi.org/10.1177/0267323113475410>
- Flanagan, C. A., Bowes, J. M., Jonsson, B., Csapo, B. og Sheblanova, E. (1998). Ties that bind: Correlates of adolescents' civic commitments in seven countries. *Journal of Social Issues*, 54(3), 457–476. <https://doi.org/10.1111/0022-4537.771998077>

- Flanagan, C. A. og Tucker, C. J. (1999). Adolescents' explanations for political issues: Concordance with their views of self and society. *Developmental Psychology*, 35(5), 1198–1209. <http://dx.doi.org/10.1037/0012-1649.35.5.1198>
- García, O. F., Serra, E., Zacarés, J. J. og García, F. (2018). Parenting styles and short- and long-term socialization outcomes: A study among Spanish adolescents and older adults. *Psychosocial Intervention*, 27(3), 153–161. <https://doi.org/10.5093/pi2018a21>
- Grusec, J. E. og Hastings, P. D. (ritstjórar). (2015). *Handbook of socialization: Theory and research* (2. útgáfa). New York: Guilford Press.
- Hastings, P. D., Zahn-Waxler, C., Robinson, J., Usher, B. og Bridges, D. (2000). The development of concern for others in children with behavior problems. *Developmental Psychology*, 36(5), 531–546. <https://doi.org/10.1037//0012-1649.36.5.531>
- Heidegger, M. (1962). *Being and time*. London: Harper & Row (frumútgáfa 1927).
- Hrund Pórarins Ingudóttir. (2015). *Fathers' pedagogical vision: A phenomenological study* (doktorsritgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/21892>
- Hrund Pórarinsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2010). Sýn foreldra á uppeldislutverk sitt. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 115–133). Reykjavík: Siðfræðistofnun: Háskólaútgáfan.
- Husserl, E. (1970). *The crisis of European sciences and transcendental phenomenology: An introduction to phenomenological philosophy*. Evanston: Northwestern University Press (frumútgáfa 1936).
- Inglehart, R. F. (2008). Changing values among western publics from 1970 to 2006. *West European Politics*, 31(1–2), 130–146. <https://doi.org/10.1080/01402380701834747>
- Jolliffe, D. og Farrington, D. P. (2006). Development and validation of the basic empathy scale. *Journal of Adolescence*, 29(4), 589–611. <https://doi.org/10.1016/j.adolescence.2005.08.010>
- Kohlberg, L. (1984). *The psychology of moral development: The nature and validity of moral stages*. San Francisco: Harper & Row.
- Lenzi, M., Vieno, A., Santinello, M., Nation, M. og Voight, A. (2014). The role played by the family in shaping early and middle adolescent civic responsibility. *The Journal of Early Adolescence*, 34(2), 251–278. <https://doi.org/10.1177/0272431613485822>
- Lög um um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.
- Maccoby, E. E. og Martin, J. A. (1983). Socialization in the context of the family: Parent-child interaction. Í P. H. Mussen (ritstjóri), *Handbook of child psychology* (4. bindi, bls. 1–101). New York: Wiley.
- McIntosh, H., Hart, D. og Youniss, J. (2007). The influence of family political discussion on youth civic development: Which parent qualities matter? *Political Science & Politics*, 40(3), 495–499. <https://doi.org/10.1017/s1049096507070758>
- Oosterhoff, B., Metzger, A. og Babskie, E. (2015). What do citizens have to do? Parents' and adolescents' messages about civic duty. *Journal of Adolescent Research*, 30(3), 365–389. <https://doi.org/10.1177/0743558414563931>
- Pancer, S. M. (2015). *The psychology of citizenship and civic engagement*. Oxford: Oxford University Press.

- Páll Skúlason. (1990). *Siðfræði: Um erfiðleika í siðferði og forsendur ákvarðana*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Piaget, J. (1932/1965). *The moral judgement of the child*. New York: Free Press.
- Ragný Þóra Guðjohnsen. (2016). *Young people's ideas of what it means to be a good citizen: The role of empathy, volunteering and parenting styles* (doktorsritgerð). Sótt af <https://hdl.handle.net/20.500.11815/198>
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2016). Uppeldisaðferðir foreldra og viðhorf ungmenna til virkrar borgaralegrar þátttöku fólks. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstjórar), *Ungt fólk: Tekist á við tilveruna* (bls. 265–286). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2017). Viðhorf ungs fólks til pólitískrar þátttöku. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 13(2), 287–309. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2017.13.2.6>
- Rokeach, M. (1972). *Beliefs, attitudes, and values*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2008). Young people's civic awareness and engagement: Listening to their voices using thematic and developmental analysis. Í A. Ross (ritstjóri), *Reflecting on identities: Research, practice and innovation* (bls. 717–727). London: CiCe Publication.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2010). Passion and purpose: Teacher professional development and student social and civic growth. Í T. Lovat og R. Toomey (ritstjórar), *International research handbook on values education and student wellbeing* (bls. 737–763). New York: Springer.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011). *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Reykjavík: Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2019). *Lífssögur ungs fólks: Samskipti, áhættu hegðun, styrkleikar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steinberg, L. (2001). We know some things: Parent–adolescent relationships in retrospect and prospect. *Journal of Research on Adolescence*, 11(1) 1–19. <https://doi.org/10.1111/1532-7795.00001>
- Terry, G., Hayfield, N., Clarke, V. og Braun, V. (2017). Thematic analysis. Í C. Willig og W. S. Rogers (ritstjórar), *The SAGE handbook of qualitative research in psychology* (2. útg., bls. 17–37). London: SAGE.
- Twenge J. M., Campbell, W. K. og Freeman, E. C. (2012). Generational differences in young adults' life goals, concern for others, and civic orientation, 1966–2009. *Journal of Personality and Social Psychology*, 102(5), 1045–1062. <https://doi.org/10.1037/a0027408>
- Van Rossem, A. H. D. (2019). Generations as social categories: An exploratory cognitive study of generational identity and generational stereotypes in a multigenerational workforce. *Journal of Organizational Behavior*, 40(4), 434–455. <https://doi.org/10.1002/job.2341>

- Vohs, K. D., Mead, N. L. og Goode, M. R. (2006). The psychological consequences of money. *Science*, 314(5802), 1154–1156. <https://doi.org/10.1126/science.1132491>
- Vygotsky, L. S. (1978). *Mind in society: The development of higher psychological processes*. Cambridge: Harvard University Press.
- Welzel, C. og Inglehart, R. (2006). Emancipative values and democracy: Response to Hadenius and Teorell. *Studies in Comparative International Development*, 41(3), 74–94. <https://doi.org/10.1007/BF02686237>
- Zaff, J. F., Hart, D., Flanagan, C., Youniss, J., og Levine, P. (2010). Developing civic engagement within a civic context. Í M. E. Lamb og A. M. Freund (ritstjórar), *The handbook of life-span development* (2. bindi, bls. 590–630). Hoboken: Wiley.

Greinin barst tímaritinu 15. ágúst 2019 og var samþykkt til birtingar 7. nóvember 2019

UM HÖFUNDANA

Ragný Þóra Guðjohnsen (ragny@hi.is) er lektor við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands árið 2016 og M.A.-prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá sama skóla árið 2009. Hún lauk einnig embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992. Rannsóknir hennar beinast að borgaravítund og þátttöku ungmenna en einnig að áhættuhegðun og velferð barna og ungmenna.

Hrund Þórarins Ingudóttir (hrundin@hi.is) er lektor í uppeldis- og menntunarfræði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hrund lauk meistaraprófi (2008) og doktorsprófi (2015) í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands. Hrund stundaði nám í foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf við University of Minnesota sem hluta af doktorsnámi sínu. Helstu rannsóknarsvið Hrundar eru uppeldissýn foreldra – gildi þeirra, markmið og leiðir, auk þess sem hún skoðar þróun foreldrafræðslu og uppeldisráðgjafar á Íslandi.

Young people's citizenship examined in the light of their parents' pedagogical vision

ABSTRACT

Young people's citizenship is essential for a democratic society, both in terms of their awareness of civic values as well as their intentions to be active in civic participation. Values play a vital role in shaping people's ideas of what is important in life. Young people's value judgements develop in the context of multiple factors related to the individual but also of different elements in their environment. Parents are among the key players in transferring values and attitudes to the child. In this case study we examined to what extent young people's citizenship mirrors parents' pedagogical vision. The participants were two families: a 15 year old girl (Elva) and a 15 year old boy (Þórhallur) and their parents (mothers and fathers). In-depth interviews were conducted using a semi-structured

interview framework. The findings revealed that both parents used authoritative parental styles and according to Steinberg's (2001) systematic review of research on adolescent development in the family context, such parental styles increase the likelihood of the child looking to their parents as role models. Both Elva and Þórhallur maintained a close, caring and understanding relationship with their parents where the focus was on values such as respect, helpfulness, empathy and community responsibility. The main findings of the study demonstrated that there is a congruence between parents' pedagogical vision – relationship styles, values and civic attitudes – and young people's citizenship. Studies examining close parent-child relationships have concluded that being brought up in such an environment increases the likelihood of children's civic engagement in the future (Duke et al., 2009).

Both the young people and their parents were aware of citizens' responsibility. Children take it on step by step during their childhood. They participate in housework, do homework and take care of siblings, just like Elva and Þórhallur explained. Gradually they are expected to take on more extensive tasks and transfer their ideas about responsibility and duty to their role as citizens (Lenzi et al., 2014), especially if they grow up in families that emphasize civic responsibility as do Elva's and Þórhallur's families.

All participants highlighted the importance of good relationships with other people and within society. They had a positive view towards civic engagement as well, particularly social participation such as volunteering, but also towards informal participation as, for example, helping a neighbour. Policy making and advocacy were mentioned as well. Elva discussed the matters of elderly people and Þórhallur different forms of volunteering. However, Þórhallur made it very clear that in his opinion, civic participation should always be voluntary. These signs of self-expression values, emphasizing freedom and the right to be in full charge of their own life is believed to be more common in younger generations (Inglehart, 2008).

Conversely, the young people's view towards political participation, especially democratic voting, was more negative than towards volunteering – a trend seen in other studies as well (Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2017).

In summary: The young people's focus was on participation and policy making aiming at citizens' welfare, as well as on informal civic norms such as following the rules of society, being hard-working and treating other people well. These findings resemble other research conclusions (Oosterhoff et al., 2015) indicating that parent-child discussions about civic duties are more frequently about informal civic participation forms (such as showing respect to other people, being kind to others, being helpful, hard-working, following rules) but less with regard to formal aspects such as political participation. Both Elva's and Þórhallur's parents discussed informal civic norms. The findings of this study contribute to research on young people's citizenship and emphasize the importance of the parental role for young people's civic awareness and engagement. As a step in taking on that role, parents must in their upbringing prioritize communication skills, foster sound values and add more weight to discussions where different points of view are debated and resolutions found.

Keywords: citizenship, young people, parents, values, parent-child relationships

ABOUT THE AUTHORS

Ragny Thora Guðjohnsen (ragny@hi.is) is an assistant professor at the University of Iceland, School of Education. She completed a Ph.D. degree in education in 2016, an M.A. degree in pedagogy and education in 2009 and a cand. jur. degree in law in 1992, all at the University of Iceland. Her research area is young people's civic awareness and engagement as well as children's and young people's risk behavior and welfare.

Hrund Thorarins Ingudottir (hrundin@hi.is) is an assistant professor in education studies at the School of Education, University of Iceland. Hrund completed her master's degree (2008) and a Ph.D. (2015) in education studies from the University of Iceland. She studied parent education at the University of Minnesota as a part of her doctoral thesis. Her research focuses on parents' pedagogical vision and the development of parent education in Iceland.